

Umhverfis- og heilbrigðisráð felur starfsfólki á umhverfis- og skipulagssviði að gera áætlun og greina svæði til skógræktar og trjáræktar með hliðsjón af tillögum stýrihóps um skógræktarmál sem samþykktar voru á fundi hópsins 13. febrúar 2018 og tillögu borgarstjóra um loftslagsskóga sem samþykkt var á fundi borgarráðs 14. maí 2019. Forgangsráðað verði svæðum og þau valin sem tilbúin gætu verið til framkvæmda 2020. Samhliða vali á svæðum til skógræktar þarf að gera gróðurfarsúttektir sem er grundvöllur fyrir skipulagi skógræktarplöntunar og einnig þarf gæta þess að aðgerðirnar skili sér í kolefnisbókhald borgarinnar. Leita skal hagkvæmustu og skilvirkustu leiða og hafa samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur um uppgræðslu í borgarlandinu.